



## SÉRHÆFD GREINING & MEÐFERÐ

Barnaverndarþjónusta getur óskað eftir greiningu og meðferð fyrir börn og unglinga.

Í Barnahúsi er notast við gagnreyndar aðferðir í meðferðarvinnu. Megin áhersla er á áfallamiðaða meðferð.



## RÁÐGJÖF OG FRÆÐSLA

Hægt er að hringja í Barnahús og óska eftir ráðgjöf og leiðbeiningum.

Barnahús býður einnig upp á fræðslu og fyrirlestra.

Símanúmer: **530-2500**

Netfang: **barnahus@barnahus.is**

**VEFSÍÐA BARNAHÚS:**



EF GRUNUR LEIKUR Á AÐ BARN  
HAFI ORÐIÐ FYRIR OFBELDI  
HAFÐU SAMBAND VIÐ  
BARNAVERNDARÞJÓNUSTU Í  
SVEITARFÉLAGI BARNSINS EÐA  
HRINGDU Í 112



Barna- og  
fjölskyldustofa




# BARNAHÚS

## UM BARNAHÚS

Barnahús sinnir málefnum barna og unglunga sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir eða verið vitni að ofbeldi.

Barnahús hefur verið starfandi frá árinu 1998. Markmið Barnahúss er að veita sérhæfða þjónustu frá ólíkum fagaðilum undir sama þaki í barnvænu umhverfi.



## RANNSÓKNARVIÐTÖL

Sérfræðingar Barnahúss hafa fengið þjálfun í viðurkenndri samtalstækni sem þeir nota í rannsóknarviðtölum.

### SKÝRSLUTAKA FYRIR DÓMI

Dómstólar geta óskað eftir að skýrslutaka fari fram í Barnahúsi sé barnið undir 15 ára aldri.

Sérfræðingar Barnahúss sjá þá um viðtalið, undir stjórn dómara.

Unglingar á aldrinum 15 til 18 ára fara í skýrslutöku til lögreglu, nema í undantekningar tilvikum.

### KÖNNUNARVIÐTAL

Fer fram að beiðni barnaverndarþjónustu þegar málið fer ekki í lögreglurannsókn.



### FYLGDARLAUS BÖRN Á FLÓTTA

Barnaverndarþjónusta í samráði við Útlendingastofnun getur óskað eftir könnunarviðtali fyrir fylgdarlaus börn og unglunga á flóttu.



### LÆKNISSKOÐUN

Læknisskoðunin getur farið fram í Barnahúsi sé þess óskað. Læknar og hjúkrunarfræðingur sjá um skoðunina.